



Fréttabréf Kvenréttindafélags Íslands

Hallveigarstöðum v/Túngötu 14, 101 Reykjavík. Sími 551 8156 Netfang krfi@krfi.is, www.krfi.is

1. tbl. 2008 Útgefandi Kvenréttindafélag Íslands. Ábm. Halldóra Traustadóttir

FUNDARBOÐ

Aðalfundur Kvenréttindafélags Íslands verður haldinn
þriðjudaginn 15. apríl kl. 17:00
í samkomusal Hallveigarstaða, Túngötu 14 í Reykjavík.

Dagskrá fundar skv. lögum félagsins:

Skýrsla stjórnar

Reikningar

Skýrslur nefnda og fulltrúa KRFÍ í nefndum og stjórnnum

Kosning stjórnar

Önnur mál

Erindi um nýju Jafnréttislögin

Veitingar

Mun fleiri þýddar skáldsögur eftir karlmenn en konur! **KYNNING**

Ef meðaltal síðustu þriggja ára er skoðað sést að einungis þriðjungur þýddra skáldsagna sem koma út á íslensku og eru til umfjöllunar í Bókatíðindum eru eftir konur. *Handtöskuserían* er ný bókasería og er henni er ætlað að minnka þennan mun en á vegum seríunnar koma út þýðingar á nýjum skáldverkum eftir konur alls staðar að úr heiminum. Þeir sem gerast áskrifendur að seríunni á slóðinni www.handtoskuserian.is fá 30% afslátt af verði hvernar bókar - úr búð kosta bækurnar 1.890 kr. en áskrifendur greiða aðeins 1.320 kr. - auk þess sem þeir fá bækurnar sendar heim sér að kostnaðarlausu.

Þeir sem gerast áskrifendur nú eiga kost á
að vinna ekta Louis Vuitton handtösku!



Handtöskuserían

Það helstu úr starfi Kvenréttindafélags Íslands það sem af er árinu

Sögusýning KRFÍ, sem opnaði 5. desember sl. var opin fram til 1. febrúar. Var aðsókn að sýningunni ágæt, en flestir munu hafa heimsótt sýninguna í tengslum við aðra viðburði sem fóru fram í sýningarsalnum á Hallveigarstöðum. KRFÍ hélt til að mynda bókmenntakvöld í janúar þar sem Helga Kress hélt athyglisvert erindi um kvenréttindaljóð Ólafar Sigurðardóttur frá Hlöðum og Brynja Baldursdóttir, íslenskukennari í FG, flutti skemmtilegt erindi um skáldskap Þórunnar Elfu Magnúsardóttur. Einnig las Vigdís Grímsdóttir úr bók sinni um Bíbí.

Haldið var upp á afmæli KRFÍ með málþingi í Tjarnarsal Ráðhúss Reykjavíkur 28. janúar. Umræðuefnið voru jafnréttislög, undir yfirskriftinni: Jafnréttislög – til hvers? Áhrif löggjafar á framvindu jafnréttis. Voru fimm frummælendur með erindi, flestir úr röðum lögfræðinga. Að loknu málþingi var boðið til afmæliskaffis að Hallveigarstöðum.

Hið árlega þorablót aðalstjórnar KRFÍ með þingmönnum Alþingis var haldið fyrri hluta febrúar og var mæting afskaplega góð en um þriðjungur þingmanna þáði boðið. Margrét Sverrisdóttir, varaformaður KRFÍ, kynnti starfsemi félagsins og þakkaði jafnframt stuðning Alþingis við starfsemi félagsins.

Tveir fulltrúar KRFÍ, Margrét Sverrisdóttir og Margrét Steinarsdóttir, gjaldkeri, voru tilnefndar af stjórn KRFÍ til þátttöku í Kvenaráðstefnu Sameinuðu þjóðanna sem haldin var í New York dagana 25. febrúar til 7. mars. Auk þeirra var Þorbjörg I. Jónsdóttir, formaður KRFÍ, með í för. Íslenski hliðarviðburðurinn tókst einstaklega vel. Sá viðburður samanstóð af þremur erindum; frá Guðrúnu Jónsdóttur, talskonu Stígamóta, sem sagði frá starfsemi Stígamóta, frá Margréti Steinarsdóttur sem talaði um úrræði til styrktar konum af erlendum uppruna á Íslandi og erindi frá Matthildi Helgadóttur sem sagði frá tilurð hinnar óhefðbundnu fegurðarsamkeppni *Óbeisluð fegurð*, sem haldin var á Ísafirði í fyrra. Einnig var sýnt brot úr heimildarmynd sem gerð var um keppnina.

KRFÍ stóð að undirbúningi dagskrár í Ráðhúsi Reykjavíkur í tilefni 8. mars, alþjóðlegs baráttudags kvenna, ásamt 15 öðrum félagasamtökum og stéttarfélögum. Yfirskrift dagsins að þessu sinni var Friður og menning.

Á döfinni

Aðalfundur KRFÍ verður haldinn 15. apríl kl. 17:00 í samkomusal Hallveigarstaða. Allir félagsmenn eru velkomnir og hvattir til að mæta til fundarins. Skuldlausir félagsmenn hafa atkvæðisrétt á fundinum.

Til stendur að hafa einn súpufund í maí, en slíkir hádegisfundir gáfust vel í fyrra og voru afar vel sóttir. Vinsamlegast fylgist með auglýsingum um fundartíma- og dagskrá á heimasíðu KRFÍ: www.krfi.is. Einnig er hægt að skrá sig á póstlista félagsins á netfanginu krfi@krfi.is.

Hefðbundin dagskrá verður á kvenréttindadaginn 19. júní auk útgáfu tímaritsins 19. júní. Blaðið er sent út til félagsmanna ásamt gíróseðli fyrir félagsgjöldum. Aðalfundur ákveður félagsgjöld sem hafa verið þau sömu undanfarin ár, 2.900 kr.